

# Dreifibréf BSRB

Nr. 3 - 2. árg.

Mars 2007

## Lífeyrissjóðir landsmanna

Í síðasta dreifibréfi var fjallað um ellilífeyri almannatrygginga. Nú verður fjallað um aðra meginstoð lífeyriskerfisins, lífeyrissjóðina.

Með lögum frá árinu 1974 var öllu launafólki gert skylt að greiða iðgjöld til lífeyrissjóða og árið 1980 var greiðsluskyldan einnig látin ná til atvinnurekenda. Fyrir þann tíma höfðu þó ýmsir lífeyrissjóðir verið starfandi og má meðal annars nefna að árið 1943 var Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins stofnaður sem þótti mikið framfaraskref fyrir ríkisstarfsmenn. Þá var einnig stórt skref stigið í lífeyrismálum landsmanna þegar samið var um stofnun lífeyrissjóða með almennri þátttöku verkafólks í kjarasamningum árið 1969.

Grundvallarhugmyndin að baki lífeyrissjóðum er að tryggja framfærslu þeirra sem lokið hafa starfsævinni. Með greiðslu iðgjalda er safnað í sjóði til langs tíma og er iðgjöldunum ásamt vöxtum ætlað að standa undir lífeyrisskuldbindingum þegar komið er á eftirlaunaaldur. Sjóðirnir eru sameignarsjóðir sem einkennast af því að með greiðslu iðgjalda öðlast greiðandinn ákveðin réttindi í sjóðnum en ekki peningalega séreign. Með þessum hætti er byggð upp samtrygging meðal sjóðfélaga sem er nauðsynleg til að tryggja öllum sjóðfélögum lágmarksréttindi. Samtryggingin byggir á skylduaðildinni og án skylduaðildar yrði hópur fólks útundan sem tryggja þyrfti framfærslu á annan hátt.

Ólíkt sjóðsöfnunarkerfi okkar Íslendinga nota flestar þjóðir Evrópu svonefnt gegnumstreymiskerfi til að fjármagna lífeyrisgreiðslur. Gegnumstreymiskerfi grundvallast á skattheimtu hverju sinni og er henni ætlað að standa undir lífeyrisgreiðslum til þeirra sem komnir eru á lífeyri. Þannig má segja að ein kynslóð greiði fyrir aðra í gegnumstreymiskerfi. Stærsta vandamál þessa kerfis er sá að aldursbreytingar þjóða hafa mikil áhrif og því leggst lífeyrisbyrðin misþungt á kynslóðir. Margar þjóðir sjá því fram á veruleg vandkvæði við fjármögnun lífeyriskerfisins vegna fyrirsjáanlegra breytinga á aldursamsetningu þjóða og aukins hlutfalls aldraðra á næstu áratugum sem líklega mun leiða til aukinnar skattheimtu.

Líkt og áður var um getið skapast ákveðin réttindi í lífeyrissjóðum samhliða greiðslu iðgjalda. Nokkur munur er á milli sjóða um réttindaávinnsla, hvaða reglur gilda um greiðslur úr sjóðunum og upphæð iðgjalda til þeirra. Þá er einnig nokkur munur á milli deilda innan sjóða, líkt og hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR), þeim stærsta á opinberum markaði þar sem tvær aðskildar deildir, A-deild og B-deild, eru starfandi.

## Iðgjaldagreiðslur


Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða skal lágmarksíðgjald til lífeyrissjóða vera a.m.k. 12% af iðgjaldastofni. Nokkur munur er á iðgjaldagreiðslum milli lífeyrissjóða starfsmanna á almennum markaði og lífeyrissjóða starfsmanna á opinberum markaði. Á almenna markaðnum greiðir launamaðurinn í flestum tilfellum 4% iðgjöld af heildarlaunum og atvinnurekandinn mótframlag sem nemur 8%. Iðgjald til lífeyrissjóða á opinbera markaðnum fer hins vegar eftir því í hvaða deild viðkomandi starfsmaður greiðir. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eru iðgjaldagreiðslur í hvora deild nokkuð mismunandi og er greitt 15,5% iðgjald af heildarlaunum í A-deild, þar sem launamaðurinn greiðir 4% en atvinnurekandi 11,5% mótframlag. Í B-deildina er hins vegar greitt 12% iðgjald af föstum dagvinnulaunum og persónuuppbót og greiðir launamaður 4% en 8% mótframlag kemur frá atvinnurekanda.

## Réttindaávinnsla í lífeyrissjóðum

Ein stærsta breyting á réttindakerfi lífeyrissjóða kom í kjölfar laga um lífeyrissjóði árið 1997 þegar sjóðunum var heimilt að nota mismunandi kerfi til útreikningar lífeyrisréttinda svo lengi

sem lágmarkskröfur um tryggingavernd sjóðfélaga væru uppfylltar. Fyrir þann tíma hafði eingöngu þekkt jöfn réttindaávinnsla innan lífeyrissjóðanna en í kjölfar laganna byrjuðu nokkrir sjóðir að nota svonefnt aldurstengt réttindakerfi og hafa ýmsir sjóðir farið þá leið á síðustu árum. Í jafnri réttindaávinnslu felst að sjóðfélagar ávinna sér sömu réttindi hvort sem iðgjaldið er greitt snemma eða seint á starfsævinni en í aldurstengdri réttindaávinnslu afla sjóðfélagar sér mismunandi réttinda eftir því hvenær á starfsævinni þeir greiða iðgjald til sjóðsins. Ein helsta ástæða þess að í upphafi var einungis farin leið jafnrar réttindaávinnslu má rekja aftur til þess er sjóðirnir voru stofnaðir. Til að samstaða næðist um sjóðina og til að sem flestir væru reiðubúnir að greiða til þeirra var ljóst að iðgjaldagreiðslur þyrftu að skapa sömu réttindi hvort sem byrjað var að greiða til þeirra við upphaf starfsævinnar eða undir lok hennar. Að öðrum kosti hefðu fáir sem komnir voru yfir meðalaldur séð sér hag í að greiða til þeirra. Jöfn réttindaávinnsla hefur því oft verið nefnd sáttmálaleiðin milli kynslóða. Bent hefur verið á ýmsa kosti og galla við bæði þessi kerfi og er hægt að lesa nánar um mismunin á þeim í [Dreifbréfi BSRB](#) frá því í janúar.

#### JÖFN OG ALDURSTENGÐ RÉTTINDAÁVINNSLA M.V. SÖMU RÉTTINDI Í LOK STARFSÆVINNAR MYND 1



Lágmarkstryggingavernd skv. lögum sem lífeyrissjóðum ber að veita miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds felur í sér 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í ellilífeyri ævilangt frá þeim tíma sem taka hans hefst en þó ekki síðar en frá 70 ára aldri. Í mörgum sjóðum ávinnast þó nokkuð hærra réttindi en kveðið er á um í lögnum og fer það eftir réttindastuðli einstakra sjóða. Réttindastuðull segir til um hve mikil réttindi ávinnast í kerfi jafnrar réttindaávinnslu á einu ári og er lægsti mögulegi réttindastuðull 1,4% sem þýðir að starfsmaður sem hefur greitt til sjóðsins í 40 ár fær greiddan ellilífeyri sem svarar til 56% (40 \* 1,4%) af mánaðarlaunum sínum. Réttindastuðlar lífeyrissjóðanna eru nokkuð mismunandi eftir sjóðum og sem dæmi má nefna að sjóðfélagar í A-deild LSR öðlast rétt til ellilífeyris er nemur 1,9% af meðallaunum hvers árs eða um 76% af meðallaunum ef miðað er við 40 ára inngreiðslutíma.

Í aldurstengdu réttindakerfi ávinna aðilar sér hins vegar réttindi eftir iðgjaldatöflu. Það má því segja að réttindastuðull sé síbreytilegur í aldurstengdu réttindakerfi eftir því hve lengi iðgjöld sjóðfélaga munu vera ávöxtuð hjá sjóðnum.

Viðmiðunaraldur sjóða segir til um hvenær hægt er að hefja töku lífeyrisgreiðslna án þess að til skerðingar á réttindum komi. Viðmiðunaraldur flestra sjóða er 67 ára og kemur þá hvorki til lækkunar á greiðslum úr sjóðnum vegna flýtingar á töku ellilífeyris né hækkunar á greiðslum vegna frestunar. Nokkuð mismunandi er eftir sjóðum hvenær þessum aldri er náð og gilda mismunandi reglur bæði um flýtingu og frestun á greiðslum úr sjóðunum. Hjá LSR er viðmiðunaraldur til að mynda nokkuð lægri, eða 65 ár.

Með frestun á greiðslum úr sjóðunum er hægt að ávinna sér aukin réttindi fyrir hvern mánuð sem þeim er frestað. Hækkun er að jafnaði um 0,5% til 0,8% fyrir hvern mánuð en hlutfallið er mismunandi milli sjóða. Aðili sem hefur áunnið sér fullan rétt á greiðslum við 67 ára aldur getur þannig aukið réttindi sín um 7,2% miðað við 0,6% aukningu fyrir frestun á mánuði kjósi hann að vinna ári lengur. Með því að flýta greiðslum úr sjóðunum eru réttindin hins vegar skert og fengi þessi sami aðili um 93% af áunnum réttindum sínum kysi hann að flýta greiðslum um eitt ár. Mismunur getur verið á hlutfalli aukinna réttinda vegna frestunar á töku lífeyris og lækkandi hlutfalli vegna flýtingar og sem dæmi má nefna að í A-deild LSR hækka réttindi um 0,75% á mánuði sé þeim frestað en lækka um 0,5% á mánuði sem þeim flýtt. Í aldurstengdum réttindakerfum fer frestun og flýting á greiðslum úr sjóðum hins vegar í flestum tilfellum eftir þeirri iðgjaldatöflu sem stuðst er við hverju sinni. Í B-deild LSR eru reglur um útreikning á lífeyrisréttindum hins vegar nokkuð frábrugðnar því sem almennt þekkt og gilda þar tvær reglur:

### **Almenna reglan**

Sá sem fylgir almennu reglunni ávinnur sér 2% réttindi á ári fyrir hvert ár í fullu starfi. Eftir að hann hefur greitt í sjóðinn í 32 ár eru réttindi hans 64%. Ef einstaklingur hefur hins vegar greitt í sjóðinn í 32 ár en ekki náð 65 ára aldri bætist við 1% fyrir hvert ár í fullu starfi frá þeim tíma þar til 65 ára aldri er náð. Haldi hann greiðslum áfram eftir 65 ára aldur bætast við 2% á ári við þegar áunnin réttindi.

Einstaklingur sem greiðir full iðgjöld í sjóðinn frá 25 ára aldri hefur því greitt í 32 ár í sjóðinn við 57 ára aldur. Frá þeim aldri aukast réttindi hans um 1% á ári þar til 65 ára aldri er náð og eru réttindi hans þá orðin 72%. Ef þessi aðili heldur áfram að greiða í sjóðinn eftir að 65 ára aldri er náð aukast réttindi hans um 2% á ári ef greidd eru full iðgjöld.

### **95 ára reglan**

Með 95 ára reglunni er sjóðfélögum gert kleift að hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldur en þó aldrei fyrr en 60 ára. Lífeyrisréttur er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi líkt og á við um almennu regluna en þegar samanlagður iðgjaldagreiðslutími og lífaldur hefur náð 95 árum hefur sjóðfélagi unnið sér inn 64% réttindi. Eftir það falla iðgjaldagreiðslur sjóðfélagans niður en starfsmaður bætir enn við sig 2% lífeyrisréttindum fyrir hvert ár í fullu starfi eftir það. Einstaklingur sem byrjar að greiða í sjóðinn 25 ára mun því ná 95 ára markinu við 60 ára aldur, þ.e.a.s.  $60 + (60 - 25) = 95$  ár. Eftir það mun hann áfram ávinna sér 2% réttindi á ári í fullu starfi og eru réttindi hans því 74% við 65 ára aldur.

### **Greiðslur úr lífeyrissjóðum**

Greiðslur úr lífeyrissjóðum hefjast að öllu jöfnu þegar viðmiðunaraldri er náð. Almennt er miðað við að greiðslur úr lífeyrissjóðum taki sambærilegum breytingum og vísitala neysluverðs en á því eru þó undantekningar. Við útreikning á greiðslum er notast við svonefnda grundvallarfjárhæð sem tekur breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs og þeim stigum sem sjóðfélagi hefur áunnið sér með iðgjaldagreiðslum.

### **Dæmi**

Gert er ráð fyrir að einstaklingur byrji að greiða í lífeyrissjóð 25 ára og hefji töku ellilífeyris 65 ára. Hann greiðir því fullt iðgjald í 40 ár. Til einföldunar gerum við ráð fyrir að hann hafi haft 250.000 kr. í heildarlaun á mánuði alla sína ævi og grundvallarfjárhæð hafi verið 75.514 kr. á mánuði, þ.e. ekki er gert ráð fyrir neinum almennum verðbreytingum né breytingum á launum.


Til að reikna út áunnin stig sjóðfélagans er mánaðarlaunum hans deilt í grundvallarfjárhæðina, þ.e.  $250.000 / 75.514 = 3,31$  stig á ári. Þar sem þessi einstaklingur greiddi iðgjald í sjóðinn í 40 ár eru heildarstig hans því  $3,31 * 40 = 132,43$  við upphaf lífeyristöku. Stigafjöldinn er síðan margfaldaður með réttindastuðli hans. Ef hann hefur greitt til A-deildar LSR er réttindastuðullinn 1,9% sem gefur  $132,43 * 1,9\% = 251,61\%$ . Þetta hlutfall er síðan margfaldað með grundvallarfjárhæð hverju sinni til að finna út lífeyrisgreiðslur til hans sem verða samkvæmt þessu  $251,61\% * 75.541 \text{ kr.} = 190.000 \text{ kr.}$  á mánuði sem svarar til 76% af mánaðarlaunum hans.

Hjá B-deild LSR eru reglur um útreikning á greiðslum úr sjóðnum þó nokkuð frábrugðnar. Tvær reglur gilda nú þar um, meðaltalsregla og eftirmannsregla. Greiðslur til sjóðfélaga sem taka lífeyri samkvæmt meðaltalsreglu fylgja breytingum sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu og er það almenna reglan í B-deildinni. Þeir sem hefja töku ellilífeyris í beinu framhaldi af starfi geta hins vegar valið um að taka lífeyrisgreiðslur samkvæmt eftirmannsreglu en þá breytast greiðslur í samræmi við breytingar á launum þeirra aðila sem sinna því starfi sem sjóðfélagi sinnti fyrir starfslok.

### Að hefja töku ellilífeyris úr lífeyrissjóðum

Erfitt er að segja til um hvenær það borgar sig að fresta eða flýta töku ellilífeyris úr lífeyrissjóðum. Þó má ætla að í þeim tilvikum sem einstaklingur býr við heilsuleysi og metur lífslíkur sínar út frá því er líklega hagstætt að flýta töku ellilífeyris. Á hinn bóginn má ætla að heilsuhraustur einstaklingur sem reiknar með langlífi bíði til viðmiðunaraldurs með að hefja lífeyristöku eða fresti jafnvel starfslokum. Margir mæla þó með því að einstaklingar hefi snemma töku ellilífeyris úr sjóðunum því þannig fái þeir meiri lífeyri til ráðstöfunar á fyrstu árum eftirlauna þegar mestar líkur eru á því að heilsan sé góð og fjárþörfin mest.

### MISMUNUR Á FLÝTING LÍFEYRISTÖKU TIL 60 ÁRA ALDURS OG FRESTUN TIL 70 ÁRA ALDURS MYND 2



Á mynd 2 má sjá hvort það borgi sig að hefja töku lífeyris fimm árum fyrir viðmiðunaraldur eða við sextugt eða bíða með lífeyristöku til sjötugs hjá A-deild LSR. Miðað er við sömu forsendur og í dæminu hér að framan og gert er ráð fyrir 4,5% raunvöxtum. Af þessu má ráða að fyrir einstakling sem mun lifa lengur en til 84 ára aldurs borgar sig að fresta töku lífeyris til sjötugs. Á hinn bóginn borgar sig að flýta töku ellilífeyris til sextugs ef einstaklingur telur lífslíkur sínar skemmri en til 75 ára eða þar um bil. Hafa ber í huga að hér er um að ræða gefnar forsendur sem eru mismunandi eftir sjóðum og deildum.

### Húsnæðisverð og neysluverðsvísitalan

Lánshlutfall almennra lána hjá Íbúðalánasjóði hækkaði úr 80% í 90% 1. mars síðastliðinn og frá sama tíma hækkaði hámarksfjárhæð almennra lána úr 17 milljónum í 18 milljónir króna. Lánshlutfallið og hámarksfjárhæðin eru því komin í sama horf og var áður en ríkisstjórnin greip til aðgerða í efnahagsmálum í lok júnímánaðar 2006. Þrátt fyrir þessa breytingu eru hámarkslán hjá Íbúðalánasjóði enn bundin við brunabótamat að viðbættu lóðamati.


Á þeim svæðum þar sem markaðsverð fasteigna er mun hærra en brunabótamat að viðbættu lóðamati munu þessar breytingar ekki hafa mikil áhrif. Í þeim tilvikum munu lántakendur ekki geta tekið hærra lán en sem nemur brunabótamati og lóðamati samanlögðu. Því má áætla að þessar breytingar hafi lítil sem engin áhrif á lántakendur á höfuðborgarsvæðinu en mun meiri út á landi þar sem kaupverð fasteigna er nær brunabótamati.

Fasteignamarkaðurinn hefur verið mjög líflegur alveg frá því nýju íbúðalánin litu dagsins ljós í júlí 2004. Fasteignaverð hefur hækkað alls staðar á landinu en þó mismikið eftir landshlutum. Á mynd 1 sést hækkun íbúðarhúsnæðis frá árinu 1990 og hefur það hækkað mest á Vesturlandi á þessu tímabili. Ástæðuna má rekja meðal annars til Hvalfjarðarganganna en með þeim stýttist vegalengdin til höfuðborgarsvæðisins. Á flestum stöðum á landinu hafa stöðugar verðhækkningar átt sér stað frá árinu 1998 en alls staðar eru þær áberandi frá árinu 2004.

Fasteignaverð hefur áhrif á neysliverðsvísitöluna og kemur inn í liðinn húsnæði, hiti og rafmagn undir greidd húsaleiga sem er ætlað að mæla húsnæðiskostnað þeirra sem búa í eigin húsnæði. Vegna aukinna útgjalda einstaklinga af húsnæði síðustu ár hefur vægi þessa liðar aukist í neysliverðsvísitölunni og vó hann 17,33% í síðasta mánuði. Hversu mikil áhrif fasteignaverð hefur á hana má glögggt greina með því að skoða hana frá júlí 2004 til febrúar 2007 og bera hana síðan saman við neysliverðsvísitölu án húsnæðis. Neysliverðsvísitalan hefur hækkað um 14,2% á þessu tímabili en ef húsnæðisliðurinn er tekinn út úr vísitölunni hefur hún einungis hækkað um 7,7%. Hækkningar á fasteignamarkaði frá júlí 2004 hafa því drifið áfram hækkun vísitölnnar að stórum hluta.

#### VERÐPRÓUN ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS EFTIR LANDSHLUTUM

MYND 1



Heimilid: Fasteignamat ríkisins